

5 MEGINSKILABOÐ

- 1. Seinkuð lokun á naflastreng getur bætt ástand nýburans - sérstaklega fyrirburans**
- 2. Góð hitastjórnun er lífsnauðsynleg - Þurrka, vefja og örva**
- 3. Leggja mat á öndun og hjartsláttartíðni - Hraður hjartslátturbendir til að nægilegt súrefni sé í blóði**
- 4. Einföld úrræði til að opna öndunarveg og aðstoða við öndun leysir langflest vandamál**
- 5. Veitið aðeins hjartahnoð þegar viðunandi öndunarhjálp hefur verið veitt og hjartsláttur er áfram mjög hægur**

NAFLASTRENG LOKAÐ OG SKILIÐ Á MILLI

LYKILNIÐURSTÖÐUR



Seinkun á lokun naflastengs bætir lifun, blóðhag og stöðugleika blóðrásar nýburans, sérstaklega hjá fyrirburum

MEGINTILLÖGUR



Ef ekki er þörf á endurlífgun er ráðlagt að bíða > 60 sek. með að skilja á milli, helst þar til öndun er hafin




Ef ekki er hægt að bíða með að skilja á milli má íhuga að mjólka blóð úr streng, þó aðeins hjá börnum með meðgönguleng > 28 vikna

HITASTJÓRNUN OG ÖRVUN

LYKILNIÐURSTÖÐUR




Dauðsföll og veikindi eru líklegri ef nýburinn verður kaldur



Örvun eykur öndunarkraft og súrefnismettun

MEGINTILLÖGUR



- Meðgöngulengd yfir 32 vikur: þurrka, vefja og halda heitum. Leggja húð við húð
- Fyrirburar <32 vikur: setja í plastvafning eða poka, án þess að þurrka fyrst, nota hitalampa
- Æskilegur líkamshiti er 36,5 - 37,5 ° C
- Notaðu endurtekna mjúkhenta örvun til að barnið andi



MAT Á ÖNDUN OG HJARTSLÆTTI

LYKILNIÐURSTÖÐUR



Óregluleg öndun og öndunarhlé benda til ófullnægjandi öndunar


Hjartsláttarhraði er besti mælikvarðinn á súrefnisflutning

Mettunarmælir +/- hjartasíriti gefur áreiðanlegar upplýsingar um hjartsláttarhraða og súrefnismettun

MEGINTILLÖGUR



- Hefja á öndunarstuðning ef öndun er ófullnægjandi
- Nota hjartasírita og mettnarmæli til að fá stöðugar upplýsingar
- Endurmeta hjartasláttartíðni, lyftingu á brjóstokassa og öndun til að meta þörf á inngrípum
- Markmiðið er að hjartasláttartíðni sé > 100 mín. og súrefnismettun > 85% við 5 mínútna aldur, og > 90% við 10 mínútna aldur
- Kalla snemma til hjálp ef þörf krefur



ÖNDUNARVEGUR & ÖNDUNAR- STUÐNINGUR

NYKILNIÐURSTÖÐUR

Flestir nýburar sem þurfa hjálp þarfnast einungis stuðnings við öndunarveg og öndun

Rétt staða öndunarvegser mikilvægari en að hreinsa hindrun í öndunarvegi



Flestir fullburða nýburar/ síðfyrirburar þurfa einungis andrúmsloft

CPAP getur hjálpað til við öndun fyrirbura

MEGINTILLÖGUR



- Höfuð í hlutlausri stöðu og lyfta kjálka fram
- Hugleiða CPAP hjá fyrirburum sem anda sjálfir
- Ef öndun er ekki árangursrík skaltu gefa 5 þanblástra meðmaska
 - Í allt að 2-3 sekúndur, 30 cm H₂O (<32 vikur 25 cm H₂O)
 - Byrja í andrúmslofti 21% O₂ (ef 28-31 vikur 21-30%, <28 vikur 30%)
- Ef brjóstkassi lyftist ekki eða hjartsláttur hraðar á sér
 - Athuga að maski sitji vel, stöðu höfuðs og kjálka
- Íhuga aðrar aðferðir:
 - 2 manna grio
 - Sogun
 - Kokgríma (LMA) eða barkarennna
 - Hækka innöndunarþrýsting
- Síðan - endurtaka þanblástra
- Þegar hreyfingu á brjóstkassa er náð - veita öndunarstuðning 30 sinnum á mín

HJARTAHNOÐ OG LYF


LYKILNIÐURSTÖÐUR



Hjartahnoð er aðeins árangursríkt eftir að lungun hafa verið loftfyllt og öndunaraðstoð er virk

Gefa skal lyf miðlægt þ.e. í naflabláæð eða í beinmerg

MEGINTILLÖGUR



- Hefja samhæft hjartahnoð, ef hjartsláttur er mjög hægur/eða ekki til staðar, þrátt fyrir 30 sekúndna viðunandi öndunaraðstoð
- 3 hjartahnoð: 1 blástur, 30 umferðir á mín.
- Auka súrefni í 100%
- Endurmeta hjartsláttartíðni á 30 sekúndna fresti - halda áfram með hjartahnoð ef hjartsláttur er enn mjög hægur
- Barkapræða - ef þekking og færni er til staðar, kokgríma (LMA) er valkostur
- Tryggja æðaaðgengi (naflabláæðaleggur/ beinmergnál) fyrir lyf: (td Adrenalín, vökva, sykur)